

1. fundur samstarfsnefndar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 14. október kl.17 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson
- Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

1. Nefndin skiptir með sér verkum

Guðmundur Haukur lagði til að Jón Gíslason yrði skipaður formaður samstarfsnefndarinnar og var tillagan samþykkt samhljóða.

2. Verkbættir og tímalína verkefnis

Róbert fór yfir fyrirkomulag verkefnisins og tillögu að tímalínu sem miðar við kjördag í lok janúar eða byrjun febrúar 2022. Miðað er við að samstarfsnefndin skili álitinu sínu í lok nóvember og að sveitarstjórnir taki álitinu til tveggja umræðna í kjölfarið.

Ákveðið var að nefndin fundi fimmtudögum kl. 17.

3. Kostnaðaráætlun og umsókn til Jöfnunarsjóðs

Róbert fór yfir kostnaðaráætlun verkefnisins og drög að bréfi til Jöfnunarsjóðs. Róberti og Jóni var falið að ganga frá bréfinu og senda til sjóðsins.

4. Kynningarmál

Ákveðið að upplýsa Skagabyggð og Sv. Skagaströnd um að verkefnið hyggist að nota vefsíðuna hunvetningur.is og facebooksíðuna Húnvetningur.

Stefnt er að því að prentaður kynningarbæklingur fari í dreifingu í byrjun janúar og íbúafundir í vikunni fyrir kjördag.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18.

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 21. október kl. 17 á Blönduósi.